

1 Velferðarnefnd

2 Almennar áskoranir og markmið

3 **Velferðarmál eru umfangsmesti útgjaldaflokkur sveitarfélaga og ríkissjóðs en**
4 **jafnframt einn sá mikilvægasti fyrir lífsgæði almennings í landinu.** Áskoranir og
5 tækifæri eru fjölmörg á sviði félags- og heilbrigðisþjónustu og mikilvægt að bæta
6 þjónustu við fólk almennt samhliða aukinni skilvirkni og hagkvæmni í rekstri.

7 **Bæta þarf heilbrigðisþjónustu** bæði í almennri grunnstarfsemi svo sem umönnun sem
8 og hjá sérhæfðara heilbrigðisstarfsfólki ekki síst margvíslega bættu þjónustu við íbúa á
9 landsbyggðinni. Veruleg tækifæri eru til úrbóta í samstarfi og samþættingu milli ríkis og
10 sveitarfélaga svo og milli einstakra þjónustueininga ríkisrekstrar og sjálfstætt starfandi
11 fyrirtækja og heilbrigðisstarfsmanna. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að við
12 skipulag heilbrigðisþjónustu sé réttur einstaklinga til þjónustu tryggður. Þetta er einn
13 liður af mörgum í mikilvægi fjárhagslegs sjálfstæðis og eldra fólks. Efla þarf
14 heimahjúkrun og heimaþjónustu.

15 **Auka þarf fjölbreytni í menntun og fjölga nemendum í heilbrigðisgreinum** og fylgja
16 eftir möguleikum á t.d. nýjum námslínum fyrir heilbrigðisstarfsfólk alls staðar á landinu.
17 Starfsumhverfi heilbrigðisstarfsfólks þarf að vera áhugavert og eftirsóknarvert.

18 **Með nýrri heilbrigðis- og velferðarstefnu má auka gæði og skilvirkni**
19 **þjónustunnar.** Sú stefna sem unnin var árið 2019 er að takmörkuðu leyti í takt við
20 stefnu Sjálfstæðisflokksins. Leggja þarf aukna áherslu á nýsköpun og fjölbreytt
21 rekstrarform með sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsemi sem getur létt verulega undir
22 með opinberum heilbrigðisstofnunum, stýtt biðlista og aukið hagkvæmni í rekstri.

23 **Áskoranir og tækifæri felast í að þjóðin er að eldast.** Heilsufar batnar og lengja má
24 starfsaldur og gera starfslok sveigjanlegri. Frítækjumark verði endurskoðað sem og
25 jaðaráhrif tekjutenginga og tekjuskatts. Það mun efla hagvöxt, bæta velferð og hafa ýmis
26 jákvæð áhrif.

27 **Meginverkefni og áhersluatriði á sviði velferðarmála**

28 **Efla þarf forvarnir og heilsueflingu** í félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, skólum og
29 skipulögðu frístundastarfi. Stuðla ber að lýðheilsuátaki á landsvísu með mælanlegum
30 markmiðum í samvinnu almennings, heilbrigðiskerfisins og frjálsra félagasamtaka.
31 Hvetja þarf almenning og frjáls félagasamtök að koma á teymisvinnu milli félags- og
32 heilbrigðiskerfis til að tryggja aðgengi að stuðningsúrræðum fyrir alla aldurshópa.
33 Leggja ber áherslu á snemmtæka íhlutun frá unga aldri og koma í veg fyrir
34 lífsstílstengda sjúkdóma, örorku og jafnvel sjálfsvíg.

35 Mikilvægt er að tryggja heildrænan stuðning við börn og fjölskyldur þar sem lögð er
36 áhersla á verndandi þætti sem draga úr erfiðleikum barna og afleiðingum þeirra.
37 Innleiða þarf áfallamiðaða nálgun í allt starf með börnum og þá sérstaklega inn í
38 skólakerfið. Jafnframt þarf að tryggja að stuðningur beinist að báðum heimilum þegar
39 um er að ræða skipta búsetu barna.

40 **Móta þarf stefnu í sjúkrahúsþjónustu landsmanna.** Landspítali (LSH) þarf sem
41 þjóðarsjúkrahús að geta sinnt sínu skilgreinda hlutverki á sviði lækninga, rannsókna og
42 háskólakennslu. LSH hafi í forgangi stærri og flóknari aðgerðir og meðferð, en verði auk
43 þess leiðandi í viðbrögðum við farsóttum, bráðaþjónustu og öryggismálum. Til að LSH
44 geti gegnt þessu forystuhlutverki þarf að gera stofnuninni kleift að draga úr annarri
45 almennri sjúkrahúsþjónustu m.a. með því að efla samstarf við aðrar heilbrigðisstofnanir,
46 sérfræðilækna og fyrirtæki um allt land. Styttu þarf þann tíma sem sjúklingar dvelja að
47 óþörfu á bráða- og aðgerðardeildum spítalans og efla þá þjónustu sem tekur við m.a.
48 fjölga rýmum á sjúkrahótelum, efla fjölþætta heimaþjónustu og leysa þar með stóran
49 hluta fráflæðivandans.

50 Þrátt fyrir uppbyggingu LSH við Hringbraut þarf samtímis að huga að framtíðaraðstöðu
51 fyrir aðra sjúkrahúsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu enda þarf að fjölga legurýmum.
52 Hugað verði að nýtingu Landspítala í Fossvogi í því sambandi. Farið verði í greiningu á
53 framtíðarþörf og staðarvali fyrir slíka sjúkrahúsþjónustu og byggingu í samstarfi við
54 sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og sjálfstætt starfandi heilbrigðisstofnanir og
55 fyrirtæki. Æskilegt er að slíkt sjúkrahús verði ekki ríkisrekið heldur rekið með
56 þjónustutengdri fjármögnun frá hinu opinbera á sama hátt og háskólar og ýmsir aðrir
57 þjónustuaðilar fá fjárframlög frá ríkinu þótt þeir séu ekki ríkisreknir.

58 **Efla þarf fjölbreyttara rekstrarform heilbrigðisþjónustu.** Það er stefna
59 Sjálfstæðisflokksins að í landinu sé öflugur hópur sjálfstætt starfandi sérfræðilækna,
60 annars heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisfyrirtækja. Nýta þarf betur möguleika á
61 fjölbreyttum rekstrarformum innan heilbrigðisþjónustunnar með áherslu á skýrar
62 gæðakröfur og skilvirkni samhliða jafnræði í greiðslum óháð rekstrarformi. Flýta þarf
63 innleiðingu gagnsæs greiðslukerfis (DRG kerfi) vegna fjármögnunar á
64 sjúkrahússtarfsemi. Halda skal áfram að bjóða út starfsemi heilsugæslunnar og annarrar
65 heilbrigðisþjónustu til að auka hagkvæmni og skilvirkni. Heilsugæslan þarf að vera
66 hryggjarstykkið í heilbrigðisþjónustu ekki síst á landsbyggðinni. Efla þarf heilsugæslu
67 m.a. með þverfaglegri samvinnu heilbrigðisstétta og bæta þjónustu og þjónustutíma.

68 **Sjúkratryggingar Íslands.** Ein mikilvægasta stofnun á sviði heilbrigðismála er
69 Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) sem sér um innkaup heilbrigðisþjónustu og samninga við
70 sjálfstætt starfandi heilbrigðisstéttir. Úrbóta er þörf á ýmsum sviðum svo sem varðandi
71 samningagerð og valfrelsi notenda við kaup á þjónustu og hjálpartækjum, framfylgni
72 gæðastaðla, eftirlits og stafrænnar þjónustu. Ekki hefur verið gætt að samræmingu og
73 sanngirni varðandi gjaldskrár og eðlilegum hækkunum og endurskoðun samninga hefur
74 ekki verið fylgt eftir svo sem tannréttingastyrkir barna.

75 **Þjónusta óháð búsetu.** Stórbæta þarf þjónustu við íbúa á landsbyggðinni með bættu
76 aðgengi að grunnheilbrigðisþjónustu, endurhæfingu, þjónustu sérfræðilækna og
77 fjarheilbrigðisþjónustu. Auk þess þarf að bæta tækjabúnað heilsugæslu og sjúkrahúsa til
78 bráðaþjónustu um land allt svo sem með bráðagreiningartækjum og bæta stafræna
79 þjónustu. Ríkið tryggi rekstrargrundvöll heilbrigðisstofnana úti á landi á sama tíma og
80 bæta þarf tengingu og samstarf milli LSH og annarra heilbrigðisstofnanna.

81 Jafna þarf aðstöðu einstaklinga sem búa úti á landi með kostnaðarþátttöku í ferða- og
82 dvalarkostnaði þegar slíkt er nauðsynlegt og einfalda ferlið við að sækja endurgreiðslu
83 með stafrænum hætti. Tryggja þarf komu sérfræðinga á stofnanir um allt land svo draga
84 megí úr þörf á ferðalögum fólks til Reykjavíkur. Mikilvægt er að fæðingarþjónusta sé til
85 staðar sem næst heimabyggð vegna öryggis móður og barns. Efla þarf sjúkraflug og
86 fjármagna þarf áður samþykkt tilraunaverkefni ríkisstjórnar um rekstur sérhæfðrar
87 sjúkraþyrlu. Tryggja þarf skjótt bráðaviðbragð fyrir landið allt með styttri
88 viðbragðstíma en þekkist í dag.

89 **Málefni eldra fólks.** Endurskoða þarf þjónustu við eldra fólk varðandi almennt
90 heilsufar. Auka þarf skilvirkni heildarþjónustunnar og samþætta heimahjúkrun, félags-
91 og tómstundaþjónustu, heilsutengdar forvarnir, auk sálgæslu og annars sem getur
92 dregið úr einsemd aldraðra og tryggt aðkomu ríkisins að fjármögnun við þjónustuna.
93 Heilsugæslan þarf að nálgast eldra fólk fyrr á lífsleiðinni og miða þjónustu og úrræði við
94 þarfir hvers og eins. Boðið verði upp á úrræði við hæfi svo að eldra fólk verði gert kleift
95 að búa sem lengst í eigin húsnæði. Fjölga þarf þjónustuíbúðum og auka fjölbreytileika
96 varðandi búsetuform, en einnig tryggja aðgengi að hjúkrunarheimilum þegar sjálfstæð
97 búseta er ekki lengur möguleg. Horfa þarf til nýsköpunar og nýta ber betur sjálfstætt
98 starfandi fyrirtæki á þessu sviði og tryggja betur sjálfsákvörðunarrétt eldra fólks,
99 fjárhagslegt sjálfstæði og að það hafi meira um líf sitt að segja á lokalífsskeiði þess.

100 Málefni aldraðra og öryrkja verði aðgreind formlega sem tveir aðskildir málaflokkar.
101 Þeir öryrkjar sem verða 67 ára haldi réttindum sínum við þau aldursskil. Endurskoða
102 þarf lífeyrissjóða- og almannatryggingakerfi m.t.t. hagsmuna eldra fólks. Sérstök
103 lífeyrisuppbót verði tekin upp til þeirra sem hafa áunnið sér takmörkuð lífeyrisréttindi
104 og viðbótargreiðsla skerðist ekki vegna tekna. Starfslok verði sveigjanleg og fólk gert
105 kleift að starfa í fullu starfi eða hlutastarfi miðað við áhuga og færni en ekki eingöngu
106 miðað við aldur og tímasett starfslok. Margir hópar ljúka ekki starfsævinni með rík
107 lífeyrisréttindi og auka þarf svigrúm til atvinnuþátttöku án umtalsverðra skerðinga.
108 Skerðing vegna greiðslna frá Tryggingastofnun til eldri borgara er í dag 45% og ber að
109 lækka. Draga þarf úr skerðingu ellilífeyris vegna lífeyristekna og annarra tekna, hvaðan
110 sem þær koma. Sama gildir um eftirlaunagreiðslur Tryggingastofnunar, þær hafa ekki
111 fylgt hækkun launavísitölu.

112 **Málefni fólks með skerta starfsorku.** Sjálfstæðisflokkurinn vill endurskoða
113 tryggingakerfi öryrkja frá grunni og horfa til þess að öryrkjar hafi ávinning af því að afla
114 sér tekna. Þeim verði auðvelduð þátttaka á almennum vinnumarkaði með tilliti til
115 starfsgetu án þess að þeir verði fyrir umtalsverðri skerðingu á örorkulífeyri og. Ríki og
116 sveitarfélög leiði vinnuna í samstarfi við viðeigandi hagsmunasamtök og aðila
117 vinnumarkaðarins. Sjálfstæðisflokkurinn vill endurskoða verklag í málum þeirra sem
118 sækja um örorkumat eftir að endurhæfing er fullreynd til að tryggja grunnframfærslu
119 þeirra.

120 **Málefni fatlaðs fólks.** Mikilvægt er að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um
121 réttindi fatlaðs fólks og fullmóta framtíðarfyrirkomulag og fjármögnun þjónustu við
122 fatlað fólk til að standa undir þjónustubörf.

123 Endurskoða þarf frá grunni fjármögnun sveitarfélaga/þjónustusvæða á þjónustu við
124 fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Finna þarf leiðir til þess að
125 sveitarfélög/þjónustusvæði geti sinnt þjónustu sinni eins og lög kveða á um og vinna að
126 samþættingu þjónustukerfa.

127 Auka ber sjálfstæði fatlaðra einstaklinga og þeirra sem búa við mikla skerðingu þannig
128 að þau hafi val um að stýra sinni þjónustu sjálf m.a. með notendastýrðri persónulegri
129 aðstoð (NPA). Tryggja þarf fjölbreytni í búsetuúrræðum.

130 Bæta þarf úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda og tryggja fjármögnun þessa
131 málaflokks til sveitarfélaganna. Tryggja þarf aðgengi allra að rafrænu Íslandi.

132 **Endurhæfing.** Leggja ber áherslu á endurhæfingu og fjölga endurhæfingarúrræðum
133 fyrir þau sem eru með skerta starfsorku vegna sjúkdóma eða slysa. Öll sem verða fyrir
134 skerðingu á starfsgetu fái tækifæri til starfsendurhæfingar þegar læknisfræðilegri
135 meðferð og endurhæfingu er lokið.

136 Leitast þarf við að bjóða upp á fjölbreytt úrræði í heimabyggð en um leið þarf að þróa
137 úrræði þvert á sveitarfélög til að gæta jafnræðis í þjónustu og stuðla að hagkvæmni.
138 Tryggja þarf að þau sem ekki fá endurhæfingu á opinberri stofnun, geti sótt þá þjónustu
139 á almennum markaði með greiðsluframlagi frá ríkinu þegar slíkt á við.

140 **Geðheilbrigðismál.** Leggja ber meiri áherslu á forvarnir í geðheilbrigðismálum,
141 snemmtæka íhlutun og fyrsta stigs þjónustu heilsugæslunnar á þessu sviði. Um
142 helmingur þeirra sem fara á örorku fyrir 35 ára aldur eru með geðsjúkdóm sem
143 meginástæðu. Huga þarf sérstaklega að málefnum barna og unglunga og að þau hafi
144 greiðan aðgang að félagsráðgjöfum, hjúkrunarfræðingum og sálfræðingum í
145 grunnskólum. Fjölga þarf úrræðum í geðheilbrigðismálum og auka fjármagn til þessa
146 málaflokks. Endurskoða þarf húsnæðismál geðsviðs LSH og undirbúa nýja byggingu þar
147 sem staðarval, umhverfi og aðstaða hentar betur skjólstæðingum, aðstandendum þeirra
148 sem og starfsfólki. Bráðadeild geðþjónustu þarf að vera opin allan sólarhringinn.

149 Líta þarf á fíkn sem heilbrigðisvanda en ekki löggæsluvanda. Tryggja þarf fjölbreytta
150 meðferð, þjónustu og endurhæfingu fíknisjúklinga og fjölga úrræðum.

151 **Húsnæðismál.** Að hafa þak yfir höfuðið er ein af grunnþörfum fólks.
152 Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á séreignarstefnu í húsnæðismálum um leið og
153 stuðla þarf að fjölbreyttum og hagkvæmum úrræðum á leigumarkaði fyrir alla.
154 Miklu máli skiptir að aðgerðir hins opinbera á sviði húsnæðismála stuðli að nægu
155 framboði húsnæðis svo sem með framboði byggingalóða sem mæta eftirspurn.
156 Auðvelda þarf ungu fólki að eignast eigið íbúðarhúsnæði eins Sjálfstæðisflokkurinn lagði
157 áherslu á með skattfrjálsri ráðstöfun séreignasparnaðar. Flokkurinn vill stuðla að því að
158 heimild til að ráðstafa séreignarsparnaði inn á íbúðarlán verði lögfest til frambúðar svo
159 og að aldraðir geti selt sína íbúðareign án þess að andvirði skerði greiðslur frá
160 Tryggingastofnun. Einnig þarf að stuðla að því að lækka byggingarkostnað, einfalda
161 regluverk, auka framboð lóða og hraða afgreiðslu mála hjá sveitarfélögum. Stuðla þarf
162 að virkum leigumarkaði eins og þekkist víða í nágrannalöndum bæði hagnaðar- og
163 óhagnaðardrifnum valkostum. Þannig verður til valkostur og valfrelsi enda vill
164 Sjálfstæðisflokkurinn tryggja frelsi einstaklingsins til að ákveða ráðstöfun sinna
165 fjármuna.

166 **Nýsköpun og nýjungar í velferðarþjónustu.** Styðja þarf vel við fjárfestingar vegna
167 nýsköpunar í velferðarþjónustu og nýtingu heilbrigðistækni og stafrænna lausna. Slíkt
168 eykur hagkvæmni og bætir þjónustu í heilbrigðiskerfinu. Opinberir aðilar þurfa að
169 fjárfesta á þessu sviði ekki síður en í húsnæði og til almennra tækjakaupa.

170 **Útflutningstekjur af heilbrigðis- og líftækni.** Margvísleg tækifæri eru í auknum
171 útflutningstekjum af þekkingu og sérstöðu Íslands á sviði heilbrigðis- og líftæknivísinda.
172 Á Íslandi eru starfandi nokkur öflug heilbrigðis- og líftæknifyrirtæki í fremstu röð á sínu
173 sviði í heiminum auk þess sem heilbrigðiskerfið býr yfir vel menntuðu starfsfólki með
174 víðtæka þekkingu.

175 Með samstarfi heilbrigðisstofnana og hugvitsdrifinna fyrirtækja á sviði heilbrigðis- og
176 líftækni má byggja upp nýja atvinnustarfsemi þar sem hugvit, nýsköpun og vel menntað
177 starfsfólk eykur hagvöxt og útflutningstekjur og stuðlar samhliða því að aukinni
178 hagkvæmni og skilvirkni heilbrigðiskerfisins hér á landi.

179 **Samantekt og framtíðarsýn**

180 **Sjálfstæðisflokkurinn vill móta nýja velferðar- og heilbrigðisstefnu** á breiðum
181 grunni með það markmið að heilbrigðis- og velferðarkerfið á Íslandi verði í fremstu röð.

182 Til þess að svo verði þarf að nýta bæði tækifæri í opinberum rekstri og einkarekstri með
183 framtíðarsýn sem tekur til menntunar heilbrigðisstarfsfólks, tækniþróunar, lýðheilsu og
184 þarfa sjúklinga. Efla þarf sérstaklega forvarnir, endurhæfingu og geðheilbrigðisþjónustu.

185 **Endurskoða þarf lífeyris- og almannatryggingakerfið m.t.t. hagsmuna eldra fólks**
186 **og öryrkja.** Málefni eldra fólks og öryrkja ættu að vera aðskildir málaflokkar enda fara
187 aðstæður þeirra ekki alltaf saman. . Skoða þarf breytingar á greiðslum til þessara hópa
188 sérstaklega. Koma þarf til móts við þá sem búa við kröpp kjör og skapa svigrúm til
189 atvinnuþátttöku eldra fólks og öryrkja hvort heldur í hlutastarfi eða fullu starfi án
190 verulegrar skerðingar. Einnig þarf að tryggja sveigjanleg starfslok.

191 **Nýta þarf einkaframtakið mun betur á sviði heilbrigðisþjónustu og fjárfestinga.**
192 Sjúkratryggingar Íslands verða að rækja betur hlutverk sitt og sjúklingar og
193 heilbrigðisstarfsfólk þarf að hafa fleiri en einn valkost þegar kemur að
194 sjúkrahússtarfsemi og almennri heilbrigðisþjónustu. Ganga þarf frá samningum við
195 rekstraraðila í heilbrigðis- og lýðheilsuþjónustu til lengri tíma svo tryggja megi
196 fyrirsjáanleika.

197 **Tryggja þarf öllum landsmönnum aðgengi að heilbrigðis- og velferðarþjónustu**
198 **eins og best verður á kosið.** Þróa þarf tækni og tækifæri til að nýta
199 rafrænar/stafrænar lausnir. Samningar þurfa að liggja fyrir um kaup á þjónustu við
200 sjúkrastofnanir og sérfræðinga á sviði heilbrigðis- og velferðarþjónustu fyrir alla
201 landsmenn og jafnræði skal ríkja á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins.

202 **Nýsköpun í velferðar- og heilbrigðisþjónustu mun stuðla að aukinni hagkvæmni**
203 **og gæðum í rekstri og tækifærum til aukinna útflutningstekna.** Við menntun
204 heilbrigðisstarfsfólks, vísindarannsóknir og fjárfestingu er þörf á fjölbreyttum
205 rekstrarformum og fleiri atvinnutækifærum m.a. til að auka áhuga ungs fólks ágreininni.
206 Virkjun bæði einkaframtaks og ríkisreksturs á sviði nýsköpunar, stuðnings opinberra
207 sjóða, fjárfestinga og reksturs í heilbrigðis- og velferðarþjónustu mun stuðla að auknum
208 útflutningstekjum og hagvexti. Þetta getur komið verulega og jafnvel til lengri tíma að
209 fullu til móts við kostnað heilbrigðiskerfisins.